

8. gr.

Fyrir leyfi til rýmri sölutíma skv. 4. gr. skal árlega greiða gjald í bæjarsjóð skv. ákvörðun bæjarstjórnar. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Stykkishólms hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða og öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. mars 1988.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

Pórhildur Líndal.

Nr. 160

18. mars 1988

## AUGLÝSING

### um breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Borgarness.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Borgarness hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 2. mars 1988 fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á aðalskipulagi Borgarness að gert er ráð fyrir u. þ. b. 3,5 ha. uppfyllingu út í sjó fyrir íþróttasvæði á spildu sunnan íþróttahússins og neðan Helgugötu.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. mars 1988.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 161

18. mars 1988

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu deiliskipulagi við Þúfubarð í Hafnarfirði.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 2. mars 1988, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á deiliskipulagi við Þúfubarð í Hafnarfirði að húsagerð er breytt og íbúðum fækkað úr 8 í 7.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. mars 1988.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.